

DRÖG !!

Erindisbréf fyrir Viðburða- og menningamálanefnd

Viðburða- og menningamálanefnd Kjósarhrepps er skipuð af sveitarstjórn Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrír fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns, varaformanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Rita skal fundargerð nefndarinnar í sérstaka fundargerðarbók. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Skulu allir viðstaddir undirrita fundargerðina og hún send til birtingar á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náíð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum. Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmunum ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk nefndarinnar

- Að efla ímynd sveitarfélagsins
- Að efla sögu- og matartengda ferðaþjónustu
- Beint frá býli
- Að Kjósín verði aðráttarafl fyrir útivistarhóp, gönguhópa og ferðamenn
- Að finna nýtingarmöguleika fyrir félagsheimilið Félagsgarð
- Fara yfir skýrslu um Atvinnumál í Kjós en hún var unnin eftir vinnufund sem haldinn var haustið 2009 og kom út veturinn 2010
- Koma með tillögur til hreppsnefndar um atvinnuskapandi uppbyggingu
- Fjalla um þau mál er sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni
- Nefndin geti tekið ákveðin mál og vísað til hreppsnefndar
- Umsjón með bókasafni og gerir tillögur um starfstilhögun og rekstur þess
- Stuðla að öflugu félagsstarfi í hreppnum og sjá til þess að starfandi félög fái viðunnandi starfsaðstöðu og aðstöðu til vörslu félagsmuna í Ásgarði
- Styðja við og hafa frumkvæði að hvers konar menningarviðburðum í Kjósarhreppi
- Hafa umsjón með Kátt í Kjós, aðventumarkaði og gera nákvæma stefnumótun um hvorn viðburð

Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalaga nr.45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta var samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps þann..... og tekur þegar gildi